

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014,
Bessastaðir á Heggstaðanesi, Húnaþingi vestra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra frá 9. júlí 2002.

Breytingin felst í því að 48 ha landbúnaðarsvæði í landi Bessastaða á Heggstaðanesi breytist í iðnaðarsvæði, þar sem gert er ráð fyrir sendistöð fyrir fjarskipti við flugvélar. Jafnframt er gerð breyting á tengivegi í samræmi við legu hans í landi Bessastaða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 12. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.